



# Hafnarfjörður

Málsnúmer 2209120

## Erindisbréf starfshóps um gerð hjólastefnu fyrir Hafnarfjörð.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. ágúst 2022 að skipa starfshóp vegna hjólastefnu bæjarins.

### Hlutverk:

Starfshópurinn skal gera hjólastefnu fyrir Hafnarfjörð og skal stefnan m.a. innifela eftirfarandi:

*Stefnumótun og sýn fyrir Hafnarfjörð sem hjólreiðabæ  
Áætlun um skipulag og uppbyggingu stofnstíganets hjólreiða og uppbyggingu hjólaleiða  
almennt, sú vinna fer síðan áfram til endurskoðunar aðalskipulags  
Áætlun um hjólastæði í bænum  
Áætlun um hjólabjónustu í bænum  
Aðgerðar- og fjárfestingaráætlun  
Kynningaráætlun til að auka hlutdeild hjólreiða*

### Skipulag:

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að skipulags- og byggingarráð hefur skipað í hópinn. Hópurinn 6 manns skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf nefndarinnar. Starfshópurinn starfar í umboði skipulags- og byggingarráðs. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn fundi allt að 10 sinnum og skal vinnu starfshópsins vera lokið 1. maí 2023.

### Skipan hópsins:

Starfshópurinn skal skipaður þannig, að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafi 2 fulltrúa hvor flokkur og Framsóknarflokkur og Viðreisn hafi einn fulltrúa hvor flokkur. Formaður verði annar fulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Með hópnum starfa: Starfsmenn skipulagsdeildar og forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar.

Erindisbréf þetta er samþykkt í skipulags- og byggingaráði 22. september 2022